

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MAÍ 2013

5. tbl. 20. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Minnismerki sem Rótarýklúbbur Breiðholts hefur látið gera um fyrsta kirkjustaðinn í Breiðholti var afhjúpað 5. maí sl. Sagnir herma að kirkja eða bænhús hafi þegar verið reist á jörðinni Breiðholti árið 1325 en hún var í eigu Viðeyjarklausturs fram að siðaskiptum. Félagar í rótarýklúbbum ásamt fjölskyldum komu saman við minnismerkið um kirkjustaðinn Breiðholt að lokinni messu í Seljakirkju. Sjá nánar á bls. 5. (Ljós. Markús Örn Antonsson).



Sveinsbakari

Hólagarði og Arnarbakka

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080

Verslum við litla manninn



PANTAÐU
Á NETINU

www.dominos.is sími 58-12345



Velkomin í Landsbankann í Mjódd

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru í Landsbankanum. Útibúið í Mjódd er opið alla virka daga frá 9.00 til 16.00. Við tökum vel á mót þér.

Landsbankinn í Mjódd

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Sumartilboð

Stór grillaður Kjúlli
alla daga 1398 kr./kg.

Nauta Rib-Eye
Verð áður 4.549 kr./kg.
Verð núna 3.694 kr./kg.

Nauta Fíllé
Verð áður 4.998 kr./kg
Verð núna 3.998 kr./kg

Nauta Innralæri
Verð áður 3.998 kr./kg
Verð núna 2.998 kr./kg.

Hamborgarar 80 gr.
Verð áður 198 kr./stk.
Verð núna 164 kr./stk.

Grill Hamborgarar 140 gr.
Verð áður 298 kr./stk.
Verð núna 198 kr./stk.

Coca Cola & Light 2 lítra
Verð áður 314 kr.
Verð núna 198 kr.

Myllu
Orku Brauð
2 fyrir 1

MS Ostakökur
Verð áður 1188 kr.
Verð núna 950 kr.

Kea Skyr 500 gr
Verð áður 376 kr.
Verð núna 300 kr.

Kea Skyr 200 gr
Verð áður 180 kr.
Verð núna 144 kr.

 **Pín verslun**
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

5. tbl. 20. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

... í Breiðholti

Dagleg fréttamennska hefur löngum borið keim af neikvæðni. Byggðri á þeirri staðreynd að mannhugurinn er jafnan næmari á neikvæða hluti og erfiða, jafnvel skelfilega, fremur en það sem jákvæðara má teljast. Frásagnir af vöndum atburðum, atburðum sem enginn vill sjálfur upplifa. Erfiðleikar eiga greiðari aðgang að fólki en jákvæðari viðburðir. Eftir þessu fara fjölmiðlar gjarnan þegar fréttamat er annars vegar.

Breiðholtið hefur ekki farið varhluta af flutningi fréttar. Þegar villst hefur verið af leið í Breiðholti svo afskipta hefur orðið þörf og frétt ratað í fjölmiðla er jafnan tekið fram að þetta hafi orðið eða átt sér stað í Breiðholti. Hvort sem um ólæti, innbrot, ölvunarakstur, jafnvel mannrán eða annað ólöglegt athæfi er að ræða í þeirri byggð er það jafnan látið í ljósi – stundum eins og Breiðholtið sé aðalatriði fréttarinnar. Eftirtektarvert er að slíkt hið sama á ekki alltaf við um önnur hverfi eða borgarhluta. Þá er staðsetningin oft víðari; t.d. í Austurborginni, í Kópavogi eða í Hafnarfirði án þess að staðsetja atburðinn nánar; t.d. í Kórúnum, á Völlum eða í Vogunum svo dæma sé getið.

Hugsanlega á þessi frásagnarmáti og áherslur fréttafólks þegar um atburði á höfuðborgarsvæðinu er að ræða rætur í þeirri ímynd sem snemma var dregin af Breiðholti. Að þar væri meira af vandræðum í mannlegum samskiptum og brotnum lagareglum en annarsstaðar í borgarbyggðinni. Lífseigla þessarar neikvæðu ímyndar er með ólíkindum þegar lítið er yfir daglegt líf í þessu nú orðið rötgróna byggðarlagi í orðsins fyllst merkingu.

Breiðholtsblaðið hefur í gegnum tíðina rætt við fjölda fólks. Blaðið hefur rætt við frumbyggja sem nánast héldu með skóflu og haka upp í Breiðholtshæðirnar til þess að byggja sér ból. Blaðið hefur rætt við fólk sem er fætt í byggðarlaginu eða hefur alist þar upp frá blautu barnsbeini. Flestum ber saman um að hafa heyrt af umræddri neikvæðni og jafnvel fundið fyrir henni á einhverjum tíma eða stað í lífinu. En þessu fólki ber líka saman um að ímyndin sé röng og óréttmæt með öllu þótt hún hafi í upphafi vaxið af brekum borgar- og skipulagsyfirvalda að einhverju leyti.

Heðbundin umfjöllun fréttamiðla getur viðhaldið fordómum sem einhverju sinni hafa skotið rötum þótt þær rætur séu löngu feysknar orðnar og einkum studdar af fáfræði þeirra sem lítið til þekkja.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Breiðholtsverkefnið – metnaðarfull markmið

Breiðholtsverkefnið er nýjung í starfsemi Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga almennt í landinu. Borgaryfirvöld ýttu því úr vör í byrjun ársins 2012. Í febrúar það sama ár var Óskar Dýrmondur Ólafsson ráðinn hverfisstjóri í Breiðholts en það er nýtt starfsheiti sem ekki hefur áður verið notað í stjórn borgarinnar og er í raun tilraunastaða rétt eins og verkefnið í heild sinni. Framtíðarsýn Breiðholtsverkefnisins er að velliðan og jákvæðni ríki meðal íbúa sem búa við félagslegan jöfnuð og taka virkan þátt í samfélaginu. Umhverfi Breiðholts leiði af sér sjálfbæra þróun sem felur í sér uppbyggingu innan hverfis svo að til staðar sé möguleiki á að sækja þjónustu og vinnu í heimabyggð.

Hlutverk þessa tilraunaverkefnis er að leiða samstarf og tryggja samhæfingu borgarstofnana í Breiðholti á sviði velferðar, menningar, menntunar, umhverfis, frístunda, íþróttar og lýðheilsu. Heildstæð þjónusta borgarinnar verði íbúum hverfisins til hagsbóta. Verkefnið byggir á valdreifingu en hugtakið vísar til þess að fólk tekur stjórn á eigin lífi og auðgar og bætir líf sitt. Í því felst að efla hæfni sína, öðlast aukna þekkingu, þroska og skilning á umhverfi sínu og leggja rækt við samfélagið. Mikilvægt er að skapa aðstæður og umhverfi til þess að styrkja valdeflingu með aðgangi að þekkingu og upplýsingum og að til staðar sé vettvangur og farvegur fyrir fólk til að hafa áhrif. Valdefling eykur lífsgæði fólks, hver og einn hefur jafnt getu til að gefa sem þiggja. Hugtakið valdefling er nátengt hugtökunum notendasamráð og lýðræði. Þetta kemur m.a. fram í



Hverfisstjóri Breiðholts hefur aðsetur í þjónustumiðstöð hverfisins sem er við göngugötuna í Mjóddinni í Breiðholti.

bæklingi sem gefin hefur verið út um þetta tilraunaverkefni.

Metnaðarfull markmið

Gert er ráð fyrir að tilraunaverkefnið standi yfir þrjú ár en það felur sér metnaðarfull markmið sem lúta að því að þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum þess til hagsbóta. Þessu verkefni er einnig ætlað að nýta auðlindir borgarinnar betur. Þar á meðal húsnaði og starfsfólki. Stýrihópur var einnig myndaður í tilefni af verkefninu en hann starfar þvert á svip borgarinnar undir forystu borgarstjóra í því skyni að efla samstarf sviða og starfseininga borgarinnar í tengslum við verkefnið. Í stýrihópnum eiga sæti

sviðsstjórar Íþróttar- og tómsundasviðs, Menningar- og ferðamálasviðs, Skóla- og frístundasviðs, Umhverfis- og skipulagsviðs og Velferðasviðs. Í stýrihópnum sitja einnig fulltrúar hverfisráðs Breiðholts.

Þverfaglegt samstarf grundvöllur

Þverfaglegt samstarf þessara aðila hefur verið formgert með skipan framkvæmdarstjórnar Breiðholtsverkefnisins. Í framkvæmdastjórn sitja fulltrúar stjórnenda starfsstaða á vegum borgarinnar í hverfinu og er verkefnið því í eðli sínu samstarfsverkefni borgarstofnana í hverfinu sem er grundvöllur þess að verkefnið ná tilætluðum árangri.

Verkefni í Breiðholti


Eftirtalin verkefni voru valin af Breiðhyllingum í íbúakosningunni nú í apríl.

1. Setja upp stórar ruslatunnur við skóla og íþróttasvæði.
2. Lagfæra göngustíga í Efra Breiðholti.
3. Grynnka tjörn við Hólmasel til að draga úr slyshættu.
4. Setja bekki og ruslastampa á ýmsa staði í Seljahverfi.
5. Lagfæra skólalóð Breiðholtsskóla.
6. Fjarlægja stálboga/hindranir úr vegi gangandi og hjólandi vegfarenda.
7. Bæta skíðaaðstöðu í Seljahverfi með nestisbekkjum o.fl.
8. Bæta aðgengi að tjarnarsvæði í miðju Seljahverfi.
9. Gróðursetja tré og runna á opnum svæðum í Bakkahverfi.
10. Fegra umhverfi Breiðholtsbæjarins við Skógarsel.
11. Setja gróður og bekki á svæði sunnan Fella- og Hólakirkju.
12. Lagfæra göngustíg meðfram Brúnastekk 1.
13. Fjarlægja hindranir á stíg við leikskólann Hálsaskóg.
14. Lagfæra göngustíg meðfram Grófarseli 24.

Ævintýrapema í Seljaskóla

Nýlega lauk ævintýrapema þar sem nemendur í 1. til 3. bekk Seljaskóla unnu saman að þvert á árganga. Tekin voru fyrir ævintýrin Stígvélaði kötturinn, Mjallhvít, Hans og Gréta, Hans klaufi, Þyrnirós, Gullbrá og birnirnir þrír, Prinsessan á bauninni, Litli Kláus og stóri Kláus og Rauðhetta. Börnunum er skipt í hópa, hlusta á söguna, og vinna síðan að skapandi vinnu út frá ævintýrinu. Föstudaginn 3. maí var foreldrum boðið í skólann að skoða vinnu barnanna.





Ávaxtatré
berjarunnar
garðrósir
hvað ætlar þú að
rækta í sumar?

BLÁKORN OG
TURBOKALK
Á TILBOÐI!



NÝ OG BETRI VERKFÆRA- OG TÆKJAEILD!

FULLT AF
SPENNANDI
TILBOÐUM

ALLT FYRIR GARÐAHREINSUNINA




TÆKJALEIGA GARÐHEIMA

OPIÐ VIRKA DAGA TIL KL. 18.00
OG LAUGARDAGA TIL KL. 16.00



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á 

VIÐTALIÐ

Breiðholtið opnaði fólki möguleika

Guðjón Þorkelsson spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hann er frumbýlingur í Seljahverfinu. Var einn hinna um fjórtíu aðila sem fékk lóð og byggði sér hús í þeim hluta hverfisins sem liggur vestan Skógarsels á landi sem eitt sinn var í eigu Kópavogsbæjar. En af hverju sóttist hann eftir því að byggja í Breiðholt alin upp í Austurmiðborginni og hvernig hefur honum hugnast búsetan þar, fyrst í Bökkunum en síðar í Þúfuselinu þar sem hann hefur búið í rúma þrjá áratugi. „Ég hef verið mjög ánægður hér og ekki hugsað mér að hverfa úr Breiðholtinu. Þetta er mjög góð byggð og ég átta mig ekki alveg á þeirri neikvæðu umræðu sem stundum á sér stað um þennan borgarhluta.“

Guðjón er ættaður frá Stokkseyri en fæddur í Reykjavík. „Faðir minn flutti ungur til borgarinnar og foreldrar mínir bjuggu þar alla tíð. Við bjuggum lengst ofarlega á Frakkastígnum skammt neðan við Hallgrímskirkju. Ég gekk í Austurbæjarskólann og Miðbæjarskólann og síðan Gaggó Aust sem nú heitir Vörðuskóli. Þetta var afskaplega skemmtilegt umhverfi að alast upp í. Mannlífið var fjölbreytt. Þarna bjuggu eiginlega allar útgáfur af fólki. Við gengum mikið um strákarnir, skoðuðum umhverfið og mannlífið og hittum fólk og skemmtum okkur við fjölbreytnina. Þarna voru ýmsir furðufuglar á sveimi. Menn sem kusu að ganga svólítið utan alfaraleiðar en voru oft ágætis náungar. Á þessum árum var ekki eins algengt að unglingar færu í frekara framhaldsnám og nú og því lauk hinni eiginlegu skólagöngu þarna sunnanundir Skólavörðunni og atvinnulífið tók við. Ég vann svólítið á Eyrinni í byrjun en fór svo að starfa við verslun sem varð ævi- starf mitt. Ég réðst að lokinni skólagöngu til heildverslunar sem heitir Vélar og verkfæri. Verslunin var í eigu Guðmundar Jónssonar og fleiri en hann stofnaði hina velþekktu verkfæraverslun Brynju á Laugaveginum en Vélar og verkfæri fengust aðallega við innflutning og heildsölu. Heildverslunin var í mörg ár til húsa í Bolholtinu en flutti síðar í Skútuvoginn þar sem byggt var yfir mörg heildsöluvirkir. Mér bauðst að gerast meðeigandi í fyrirtækinu sem varð til þess að ég ílengdist þar. Það má eiginlega segja að ég hafi lent í æviaflánu við að versla með ýmskonar verkfæri. Aðaluppistaðan voru ASSA skrárnar sem margir þekkja enda eru þær í mörgum hurðum um borg og byggðir. Við vorum ekki mikið í stórum vélum en versluðum með talsvert af rafmagnstækjum og fleira sem tengdist smíðum og byggingum. Þegar ég lít til baka, til þessara 46 ára sem ég starfaði við verslun er eftirminnilegast hvað maður kynntist mörgum. Þetta var talsvert ólíkt verslunarumhverfi því sem við þekkjum í dag. Storr og Brynja voru niðri á Laugavegi þar sem Brynja er reyndar enn þann dag í dag. Svo var KRON og fleiri verslunaryrirtæki sem eru horfin af sjónarsviðinu.“ Guðjón lét af störfum eftir 46 ára starf hjá sama fyrirtækinu. Nokkuð sem telja verður óalgenget í dag að eiga næstum alla starfsævina hjá sama aðilanum. „Ég var mjög sáttur við að hætta. Fannst komin tími til að breyta eitthvað



Guðjón Þorkelsson á góðir stundu.

til og með því að hætta sáttur á þessum tímamarki gæti ég fengið dálítið lífsrými. Það voru líka breytingar í einkalífinu. Börnin voru uppkomin og barnabörnin tekin við. Mér bauðst um svipað leyti tilboð í hlutinn minn í fyrirtækinu sem ásamt húsbýggingunni má kannski líta á sem ævisparnaðinn.“ Guðjón hefur nú greinst með MS sjúkdóminn en heldur sér mjög vel. „Ég var aðeins farinn að finna fyrir honum þegar ég hætti. Í dag er ég hálfan daginn við þjálfun í MS húsinu. Þetta stýrir deginum og ég er svona í hálfildings hálf dagsvinnu með sjálfan mig þar sem ég er að huga að heilsunni. En hef jafnan stund áður en konan, sem enn starfar úti kemur heim. Ég get kveikt á tölvunni og séð hvað er að gerast í veröldinni og fylgist vel með.“

Breiðholtið opnaði möguleika

En hvað kom til að maður uppallinn í miðborginni og starfandi í Holtunum ákvað að leggja á vit fjalla og heiða eins og Breiðholtið var stundum nefnt á árdögum þess. Var hann orðinn leiður á miðborgarlífinu. „Ég myndi ekki orða það þannig en þarna voru orðnar ýmsar breytingar á högum mínum. Ég var komin með fjölskyldu og



Guðjón með sonarsyni sínum og alnafna. Morgundrykkurinn er tilbúinn.

byggðarlagi í hlíðum Breiðholtsins en í Austurmiðborginni undir Skólavörðuhæðinni í gömlu Reykjavík. „Á vissan hátt vorum við komin í ný heimskynni. Heimskynni sem byggðust einkum á fjölskyldulífi. Flest fólk sem var að festa sér húsnæði í Bökkunum á þessum tíma var ungur fólk með börn. Fólk var fyrst og fremst að hugsa um vinnu og fjölskylduna og skrapp kannski í bæinn 17. júní eða af öðrum álíka tilefnum. Bakkarnir voru auðvitað svólítið hráir þegar við komum. Við keyptum íbúð í blokk sem Ármannfelli var að byggja og allt var hrátt. Hverfið var næstum samgöngulaust til að byrja með og ekkert var malbikað. Fólk var að tala um að þetta væri eins og að vera komin upp í sveit. En það var gaman að upplifa þetta á þeim tíma en umhverfi breyttist líka nokkuð fljótt og tók á sig grónari mynd.“ Guðjón segir að fólk hafi haldið sig mikið efra enda Bakkarnir hannaðir sem fjölskylduvænt umhverfi.

Byggðin í hring og þjónustukjarninn og skólabyggingin í miðjunni. „Þetta gat eiginlega ekki verið betra og flest grunnþjónustan við höndina á þeim tíma eins og bakarí og matvöruverslun. Kunningjahópurinn breyttist líka. Það gerist oft á þeim tíma þegar fólk stofnar nýja fjölskyldu hvort sem það flytur á milli byggðarlaga eða ekki. Maður hitti gömlu félagana sem löbbuðu með manni um Miðbæinn sjaldnar en annað fólk kom í staðinn – starfsfélagar og fólk sem stóð í sömu sporum og maður sjálfur. Var að ala börnin sín upp í hinu nýja umhverfi sem enn var í mótun.“

Happdrætti að fá lán

„Við bjuggum í nokkur ár í Bökkunum sem voru orðin að mótuðu og grónu umhverfi. Það var ekki vegna umhverfisins sem við vorum farin að horfa eftir nýjum stað eða öllu heldur öðru húsnæði. Fjölskyldan stækkaði og þegar borgin auglýsti lóðir hér í neðsta hlutanum af Seljahverfinu ákváðum við að slá til og sækja um byggingalóð. Þetta vorum um 40 lóðir sem auglýstar voru á sama tíma en borgin hafði fengið landið í makaskiptum við Kópavogskaupstað. Lóðunum var úthlutað 1978 og við fluttum inn árið 1980 eða fyrir 32 árum. Það tók okkur um tvö ára að byggja húsið. Maður var ungur þá aðeins 36 ára gamall og með lífið í fangið. Vissulega voru nokkur átök við að koma þessu upp því ég er af gamla skólanum að því leyti að ég vildi helst eiga fyrir öllu og borga allt sem fyrst. Á þessum tíma var einnig erfiðara að fá lán en síðar varð og mörgum varð hálf á. Það var eiginlega happdrætti að fá lán og fáir tóku meira fé að láni vegna húsbýgginga en þeir nauðsynlega þurftu. En þetta gekk allt saman bæði hjá mér og mörgum öðrum sem voru að koma sér upp framtíðarheimili á þessum árum og örugglega betur en síðar varð þegar fólk fór að steypa sér í ofurskuldir vegna húsbýgginga og annars.“

Hverfið fór mjög vel af stað

En hvernig þróaðist þetta nýja hverfi. „Þetta fór mjög vel af stað. Þarna var mói þar sem krakkar höfðu leikið sér en þegar ákveðið var að úthluta því sem byggingalandi og hefja húsbýggingar þá byggðist þetta upp á met tíma í samanburði við hvernig áraði því ýmsir erfiðleikar voru í samfélaginu eins og bæði fyrr og síðar. Svo fóru menn að ganga frá umhverfinu, lóðunum og rækta. Þessi byggð stendur einna lægst í Breiðholtinu og ekkert stóð á að fá gróðurinn til þess að koma upp. Ég held líka að sú almenna samstaða sem var í hverfinu um að rækta og fegra umhverfið hafi fljótt farið að skila sér. Hér byggði hver silt hús og stýrði framkvæmdum sínum sjálfur. Ég er þess fullviss að það átti sinn þátt hversu fljótt íbúarnir tóku til við umhverfismálin. Fólk vildi rækta og efla grænt umhverfi í kringum sig. Fyrst að þú spyrð þá er ég löngu orðinn inngróinn Breiðhyltingur. Það hefur aldrei hvarflað að mér að flytjast niður í bæ eða eitthvað annað. Ég var strax fullkomlega sáttur við að flytja mig um set og Breiðholtið hefur vaxið og dafnað í gegnum árin. Er orðið eitt af fallegustu byggðum Reykjavíkur og algerlega miðsvæðis.“

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

Minnismerki um fyrstu kirkjuna í Breiðholti afhjúpað



Klúbbfélagarnir séra Valgeir Ástráðsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrv. borgarstjóri, afhjúpuðu minnismerkið.

Rótarýklúbbur Breiðholts hefur látið gera minnismerki um fyrsta kirkjustaðinn í Breiðholti. Sagnir herma að kirkja eða bænhús hafi þegar verið reist á jörðinni Breiðholt árið 1325 en hún var í eigu Viðeyjarklausturs fram að siðaskiptum. Minnismerkið er staðsett í námunda við hið forna bæjarstaði Breiðholtsbæjarins, við göngustíginn á svæði við Skógarsel í Seljahverfi.

Á þúsund ára afmæli kristni í landinu árið 2000 ákváðu rótarýklúbbur á höfuðborgarsvæðinu að

setja upp minnismerki um forna kirkjustaði í Reykjavík og nágrenni. Gísli B. Björnsson, félagi í rótarýklúbbnum, hannaði merkið. Vegna skipulagsvinnu í námunda við bæjarstaðið var verkefninu ekki lokið fyrr en sl. sunnudag 5. maí. Þá komu félagar í Rótarýklúbbnum Reykjavík-Breiðholt saman til stuttrar athafnar við minningarsteininn. Gengu þeir fylktu liði frá Seljakirkju að lokinni messu, þar sem Friðrik Alexandersson, forseti klúbbsins og fyrrverandi formaður sóknarnefndar prédikaði.



Minningarskjöldurinn, sem klúbbfélaginn Gísli B. Björnsson hannaði. (Ljós. Markús Örn Antonsson)

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

SUMAR Í HÓLAGARÐI

Persónuleg þjónusta.

Verslið í vinalegu umhverfi!



Boltinn í beinni
S: 567 8444
Krá • Sportbar
Gullnáman



Apótekið
- einfalt og ódýrt



Sími
557 2653



Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali
Snyrtivöruverlsunin
Mana
Sími: **557 1644**



Naglastofa • Skóli • www.naglafegurd.is



Gjafa- snyrti- & fæðunavörur á fráheru verði!



Sími: 557 5020



BÓNUS
býður betur



HÓLAGARÐI - LÖUHÖLUM 2-4 - Sími 557 5459





Útskriftarnemar FB fögnuðu og kvöddu kennara sína á dögnum. Nú hefst síðasta prófatörn þeirra og óskum við útskriftarnemum og öðrum nemendum góðs gengis í prófunum.



Myndin er tekin í Gerðubergi og má þar sjá gestina á uppskeruhátíðinni: nemendur FB, sumir með börn sín, Ólína Ásgeirsdóttir kennari, Guðrún Jónsdóttir forstöðukona og aðrir gestgjafar í Félagsskólans.

Nemendur FB með Félagsskólans í Gerðubergi

Nemendur úr FB mættu í félagstarfið í Gerðubergi á dögnum en þeir taka að sér sjálfböðna samfélagsþjónustu á síðustu námsönn skólans. Nokkrir völdu Félagsskólans í Gerðubergi sem vettvang verkefnisins, enda á Guðrún Jónsdóttir forstöðukona upphafið að því ásamt skólameistara FB.

Á haustönn voru 15 nemendur FB í samfélagsþjónustu í Gerðubergi. Á vorönn voru þau 4, en þá

dreifðust nemendur mun víðar á stofnanir, fyrirtæki og félagsamtök auk þess sem fjöldi nemenda tók að sér að veita öðrum nemendum skólans stuðning í námi eða aðstoða í kennslustundum. Í síðustu kennslustund var uppskeruhátíð sem lauk með því að nemendur settu niður kirsuberjatré framan við skólann og þáðu síðan kaffi og pönnukökur sem nokkrir velvildarmenn Gerðubergs höfðu bakað og lagt á borð.

Hef opnað fótaaðgerðastofu í Mjódd

Býð nýja og eldri viðskiptavini velkomna

Tímamantanir í síma: 557-5022

Erna G. Gunnarsdóttir

lögg. fótaaðgerðafræðingur

Fótaaðgerðastofan

frískir fætur



Álfabakka 12 – 2. hæð (lyfta og gott aðgengi)

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

www.borgarblod.is

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til
aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkygningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Snjallt að
kíkja á okkur
á adal.is

HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanæsbæ. Paulreyndir og þjónustulipirir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Aðalskóðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið **200 lítra eldsneytisúttekt**.

Opíð kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900



Aðalskóðun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanæsbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

Breiðholtsbók hlaut Barnabókaverðlaunin

Anna Heiða Pálsdóttir hefur hlotið barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar fyrir bókina **Mitt eigið Harmagedón sem bókaútgáfan Salka gaf út. Þetta var í 41 sinn sem þessi verðlaun voru afhent og fór afhendingin fram við hátíðlega athöfn í Höfða.**

Bókin fjallar um það æviskeið í tilverunni þegar einstaklingurinn breytist úr barni í ungmenni. Höfundurinn velur sérstakt sjónarhorn til þess að draga andstæður fram þar sem söguhetjan kemur frá fjölskyldu sem lifir í ströngu trúarsamfélagi. Bókin fjallar annars vegar um þetta þroskaskið manneskjunnar en hins vegar um árekstra sem geta orðið þegar framvinda mannsþroskans rekst á þröngt túlkaðar trúarskoðanir þar sem lítil frávik frá bókstafnum eru liðin. Sögusvið bókarinnar er eins nálægt hinu daglega lífi og hugsast getur. Bakkahverfið í Breiðholti og að hluta einnig Hóla- og Seljahverfið. Söguhetjan býr í blokk í Bökkunum og gengur í Breiðholtsskóla, syndir í Breiðholtslaug og á tengsl við fjölskyldu sem býr í Seljahverfi og er hluti af sama trúfélagi. Þetta er áhugavert viðfangsefni en hvað kom Önnu Heiðu sem sjálf býr í Bökkunum í Breiðholti til að velja þetta sem sögu efni í unglingabók.

Í samtali við Breiðholtsblaðið í tilefni af útkomu bókarinnar fyrir liðin jóla sagði Anna Heiða að upphaf bókarinnar megi rekja til kvölds nokkurs á jólafestu að hún var stödd fyrir utan eina blokkina í Bökkunum. Fólk var búið að setja jólaljós í gluggana og skrey-



Anna Heiða Pálsdóttir höfundur verðlaunabókarinnar **Mitt eigið Harmagedón** sem fjallar um fólk í Breiðholti.

ta hjá sér í tilefni jólanna en í einni íbúðinni voru engin jólasljós og engar skreytingar sjáanlegar. Hún kvaðst hafa farið að hugsa um að þar byggji fólk sem héldi engin jól og kannski mætti ekki nefna jólahátíðina í þessari fjölskyldu. „Ég fór að velja fyrir mér hverjir héldu ekki jól og þá komu Vottar Jehóva fljótt í hugann. Þeir halda ekki jól og eru auk þess nokkuð fastir á kenningu sinni og sannfæringu og leyfa fáar undantekningar. Þarna varð kveikjan að þessar skáldsögu sem ég skrifaði fyrir unglunga og reyndar einnig fyrir fullorðna þótt sögupersónurnar séu á æskuárum. Ég valdi Jehóvana þegar að því kom að finna trúfélag þar sem líf mann-

eskjunnar er mjög skorðað af kenningum.“ Í umsögn valnefndar um verðlaunabókina **Mitt eigið Harmagedón** segir m.a. að höfundur fangi af þekkingu og með virðingu heim sextán ára stúlku í Breiðholti, Dagbjartar Elísabetar, sem alist hefur upp innan sértrúarsöfnuðar. Þetta sé þroskasaga sem vekur upp grundvallarspurningar um lífið og tilveruna, gildi þess að hafa sjálfstæðan vilja og geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir um líf sitt, fórnirnar sem maður þurfi að færa til að halda í sína eigin sannfæringu, hvers virði það er að vera maður sjálfur og kannski síðast en ekki síst hvenær er maður sjálfur. Í ávarpi við athendinguna sagði Oddný

Sturludóttir formaður skóla- og frístundaráðs m.a. að hlutur vandaðra barnabókmennta sé ótvíræður og viðurkenningar eins og þær sem veitt sé í dag sé þakkargjörð skólayfirvalda í Reykjavík til höfunda sem leggja sig fram um að seðja hungur barna í góðar bókmenntir. „Við lítum svo á að höfundar og þýðendur barnabóka séu bandamenn okkar við að efla læsi og opna nýja heima – læsis sem er lykill að velferð barna á lífsleiðinni,“ sagði Oddný. Jón Gnarr borgarstjóri og Odd-

ný Sturludóttir afhentu barnabókaverðlaunin að viðstöddum fjölmörgum gestum. Meðal þeirra voru ungrir sigurvegarar í Stóru upplestrarkeppninni sem lásu upp úr verðlaunabókunum. Barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs þjóna þeim tilgang að vekja athygli á gildi góðra bókmennta í uppeldisstarfi og á metnaðarfullri útgáfu barnabóka. Valnefnd var að þessu sinni skipuð Margræti Kristínu Blöndal formanni, Mörtu Guðjónsdóttur og Guðrúnu Höllu Sveinsdóttur.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



VIÐ ERUM NÁLÆGT ÞÉR!

í Breiðholti



Við erum í **Jafnaseli 6,** við hliðina á **Krónunni og Sorpu**

Max1 býður fyrsta flokks HRAÐÞJÓNUSTU sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bifreiðaeiganda.

Max1 dregur nafn sitt af því að við ljúkum hverjum viðgerðarþætti innan klukkustundar frá því viðgerð hefst.

Vélaland annast bíla- og vélaviðgerðir, almennar og sérhæfðar. Gæði okkar skipta þig máli. Fagleg vinna og traust þjónusta.

Starfsfólk okkar býr yfir mikilli reynslu og tryggir vönduð og góð vinnubrögð í hvert sinn.

Þetta gerum við á Max1!



Hjólbarðapjónusta
Láttu okkur skipta um dekkinn fyrir þig. Við bjóðum þér gæða hjólbarða á hagstæðu verði frá Nokian og Pirelli.



Demparapjónusta
Eru dempararnir lélegir eða gormarnir brotnir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum bílum.



Bremsupjónusta
Eru bremsuklossarnir búnir? Gættu að örygginu. Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bifreiðum.



Rafgeymapjónusta
Er rafgeymirinn lélegur? Frí ástandsmæling. Endurnýjum rafgeyma í flestum tegundum bifreiða.



Smurþjónusta
Er komið að smurningu? Við skiptum um olíur og síur og förum yfir bílinn í leiðinni.



Önnur þjónusta
Við skiptum líka um þurrkublöð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn.



Almennar bílaviðgerðir

Undirvagnsviðgerðir: hjóla-, fjöðrunar-, stýris- og hemlabúnaður

Rafkerfi: tölvulestur og greining, rafkerfi og ljósabúnaður

Drifrásarviðgerðir: kúpling, gírkassi, driföxlur og drif

Þjónustuskoðanir skv. staðli framleiðenda



Rúðuskripti og rúðuviðgerðir

Skriptum um allar rúður í bifreiðum

Gerum við framrúður

Samningar við tryggingarfélag



Vélaviðgerðir

Almennar vélaviðgerðir

Hedd viðgerðir

Tímareima- og tímakedjuskipti

Túrbínuviðgerðir

Sóthreinsun á brunahólfum

Hreinsun á eldsneytisspissum



Pantaðu tíma - lausnir eru okkar fag

Renndu við hjá Max1 - ávallt heitt á könnunni

max1.is
max1@max1.is

Allar stöðvar opnar virka daga milli kl. 8:00-17:00
Laugardagsopnun: Sjá nánar á max1.is
Neyðarþjónusta: Sjá nánar á max1.is

velaland.is
velaland@velaland.is

Breiðholtsskóli í öðru sæti í Skólahreysti



Mikil stemning var í höllinni þegar krakkarnir kepptu í Skólahreysti.

Lið Breiðholtsskóla stóð sig frábærlega í lokakeppni Skólahreysti í Laugardalshöllinni og varð í 2. sæti með 50 stig.

Alls kepptu 12 skólar til úrslita og varð Holtaskóli í 1. sæti þriðja árið í röð en Linda-skóli í 3. sæti. Í fjórða sæti varð Laugalækjarskóli með 46 stig, Myllubakkaskóli í fimmta sæti með 44 stig, Grundaskóli í sjötta sæti með 43 stig, Varmárskóli í sjöunda sæti með 41 stig, Vallaskóli í áttunda sæti með 36 stig, Egilsstaðaskóli í því níunda með

30,5 stig, Síðuskóli í 10 sæti með 30 stig, Grunnskóli Fjallabyggðar í ellefta sæti með 27 stig og Grunnskólinn á Ísafirði í því tólfta með 18 stig. Munur á stigum hefur aldrei verið eins lítill og í ár. Skólarnir skiptu á milli sín toppsætunum alla keppnina og ómögulegt að segja til um úrslit fyrir en eftir hraðaþrautina. Þvílíkur kraftur undir einu þaki. Krakkarnir eru sannarlega hetjur sinna skóla og hreystimenni.

Skólavinir vikunnar í Ölduselsskóla

Þriðjudaginn 16. apríl buðu nemendur í Ölduselsskóla foreldrum sínum að koma í skólann og sjá afrakstur vinnu annarinnar. Nemendur sýndu leikrit og kynntu verkefni sín í náttúrufræði og samfélagsfræði.

Nemendur höfðu útbúið power-point sýningar um hin ýmsu dýr frá Afríku og fallega staði á Íslandi. Einnig höfðu nemendur þúið til spil um landafræði Íslands sem þeir kynntu fyrir áhorfendur. Sýningu nemenda lauk með því að þeir sungu saman lagið „Sumargestur“ eftir Ásgeir Trausta, ljóð sem nemendur hafa unnið með í íslensku. Eftir sýninguna í salnum buðu strákarnir í árganginum upp á kökur og annað gómsæti og stúlkurnar upp á drykki. Við áttum saman notalega stund á heimasvæði og gæddum okkur á kræsingunum.



Þau Þorsteinn, Gabríel, Veronika og Erla voru skólavinir vikunnar í Ölduselsskóla 14. til 20. apríl.

FB og Kolbrún hlutu forvarnarstyrki

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti hlaut nýverið styrk vegna verkefnisins Innleiðing forvarnarstefnu FB í Breiðholti. Markmið verkefnisins er að vinna að framtíðarsýn framhaldsskólanna: „Ungt fólk á framhaldsskólaaldri hefur sterka sjálfmynd, lifir heilsusamlegu lífi, drekkur ekki, notar ekki tóbak, neytir ekki vímuefna, hugar að næringu hreyfingu og svefni. Hefur heilbrigða sýn á sig sem kynverur og gætir að gagnkvæmri virðingu í samskiptum

við annað fólk“.

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur hlaut styrk vegna verkefnisins Ekki meir. Markmið verkefnisins er að draga úr tíðni eineltis með því að nota hugmyndafræði Ekki meir. Markmið Forvarnar-sjóðs Reykjavíkur er að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum utan borgar tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar í hverfum borgarinnar. Áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem bæta andlega líðan, heilsu og sjálfmynd

barna og ungmenna sem og að draga úr og hindra neikvæða hegðun, svo sem vímuefnaneyslu, ofbeldi og afbrot. Það er Hverfisráð Breiðholts sem samþykkti þessa úthlutun úr Forvarnar-sjóð Reykjavíkur til verkefna sem unnin verða í Breiðholti á næsta vetri.

Lokisins er kominn kjúklingastaður í Breiðholtið.

Vorum að opna 17 júní grill kjúkling að Lóuhólum 6.

Boltinn í beinni og kaldur á krananum.

Þöntonarsími 567-2300.

Opnunartími er kl. 11 - 23.



pepsi 17 JÚNÍ Gull

GRILL KJÚKLINGUR

www.17junigrill.is Sími:5672300

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði

VELKOMIN

Mjóddin

Gott námskeið fyrir stjórnir foreldrafélaga

Góður rómur var gerður að námskeiði á vegum SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólanna í Reykjavík, með stjórnum foreldrafélaga og skólaráðsfulltrúum grunnskólanna í Breiðholti sem haldinn var 5. mars í ÍR-húsinu. Þar fjallaði Helga Margrét Guðmundsdóttir tómtunda – og félagsmálafræðingur um ný menntalög og nýja aðalnámskrá grunnskóla. Eftir að hvert foreldrafélag hafði kynnt sérstöðu síns skóla skýrði Helga Margrét lýðræðislega aðkomu foreldra að skólastarfi og fór yfir grunnþættina 6 sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Hún lagði áherslu á nauðsynlegt bakland fulltrúa foreldra frá SAMFOK í skóla og frístundaráði borgarinnar, tengsl við foreldra í skólaráðum og tengsl foreldra í Breiðholti við SAMFOK. Hvatti hún foreldra til virkrar þátttöku í skólastarfinu og lýsti ávinningi af samstarfi heimila og skóla.

Foreldrar eru helstu hagsmunagæslumenn nemenda og miklu skiptir að nemendur hafi stuðning og hvatningu foreldra sinna. Þá er gott að foreldrar kynni sér ný menntalög og námskrár og að upplýsingaflæði sé gott milli heimila og skóla. Heimasiður skólanna og aðgengi að upplýsingum um skólastarfið gegna þar lykilhutverki. Rannsóknir sýna að börn þeirra foreldra sem eiga hlutdeild í skólastarfinu eru líklegri til að sýna góða hegðun og framkomu. Helga Margrét lagði áherslu á að áhrif foreldra á námsárangur barna er mun meiri en almennt hefur verið talið. Stuðningur foreldra felst fyrst og fremst í þeim gildum og viðhorfum sem ríkja á heimili barnsins til menntunar og skólastarfs. Umræðan heima, væntingar foreldranna og lífsstíll, hvatning þeirra og örvun eru mikilvægir þættir og geta verið undirstaða námsárangurs og farsæls skólastarfs. Helga hvatti foreldra til að færa umræður frá eldhúskróknum yfir í hinar formlegu leiðir sem foreldrar hafa til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa með því áhrif á nærumhverfi sitt.

Mikilvægi lýðræðis á heimilum

Með því að taka þátt í félagslífi bekkjarins og ræða um lýðræði við börnin er líklegri að við náum að sameinast um uppeldi og menntun út frá nýjum grunnildum í aðalnámskránni. Helga Margrét nefndi dæmi um lýðræði á heimilinu og fengu foreldrar eintak af Barnasáttmálan-



Myndin var tekin á námskeiði fyrir foreldra grunnskólanna í Breiðholti.

um. Þannig læra börn og lífa í lýðræðislegu umhverfi að umræðunni sé haldið á lofti. Þar eru foreldrar og kennarar fyrirmyndir og börnin læra af þeim hvernig hægt er að bera sig að t.d. við skoðanaskipti, að læra samráð, með ákvörðunarrétt og hvernig þeir geta gegnt lýðræðis- og borgaralegum skyldum sínum seinna meir.

Að taka umræðuna og læra að sameinast

„Virkt lýðræði er þar sem almenningur tekur virkan þátt í ákvarðanatöku um sín mál og við þurfum að læra að komast að samkomulagi og tala okkur saman að ásættanlegri niðurstöðu. Fólk er með ólíkar skoðanir en við þurfum að þora að taka umræðuna og læra að sameinast um reglu og viðmið. Til að undirbúa farsælt samstarf innan skólasamfélagsins er mikilvægt að foreldrar séu virkir í skólastarfinu alla skólagöngu barnsins“ sagði Helga Margrét sem um árabíl starfaði sem foreldraráðgjafi hjá landssamtökum foreldra Heimili og skóla. Auk kynningar á menntastefnunni var markmið námskeiðsins að fá foreldra í Breiðholti til að lýsa því sem þeim finnst ganga vel og skoða hvað betur má fara og hvetja þá til samstarfs innan hverfis. Þátttakendum var skipt í nokkra hópa og verður unnið úr niðurstöðum og þeim komið á framfæri við viðeigandi aðila.

Þóra María í 2. sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna



Þóra María Rögnvaldsdóttir.

Glæsileg frammistaða Þóru Maríu Rögnvaldsdóttur nemanda í FB í Söngkeppni framhaldsskólanna fór ekki framhjá neinum. Þóra söng lagið Titanum „Sia Furler/David Guetta“.

Í fyrsta sæti var Ásdís María Viðarsdóttir nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Í þriðja sæti var Magdalena Katrín Sveinsdóttir sem söng fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni.

SUMARSTARF MIÐBERGS 2013

SKRÁNING ER HAFIN Í SUMARSTARF Á VEGUM FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVARINNAR MIÐBERGS

<http://rafraen.reykjavik.is>

6-9 ára sumarfrístund (f. 2003-2006)

Heilsdagsdvöl í frístundaheimili við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni. Skráning í viku í senn.

Álfheimar, Bakkasel, Hraunheimar og Vinasel

10—12 ára smiðjur (f. 2000-2002)

Stuttar smiðjur og viðburðir sem að stand yfir í heilan eða hálfan dag. Skráning í hverja smiðju eða viðburð fyrir sig.

Hundrað&ellefu, Hólmasel og Bakkinn

Félagsmiðstöðvar starf (f. 1997-1999)

Opið félagsmiðstöðvarstarf í Hundrað&ellefu, Hólmasei og Bakkanum.

Allar upplýsingar um sumarstarf Miðbergs má finna á: www.reykjavik.is/sumar

Smíðar, sköpun og útivist (f. 2000-2003)

Lögð verður áhersla á sköpun og smíðar þar sem hægt verður að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Opið í 4 vikur og skráning í viku í senn.

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Sigurjón Björnsson er í hópi ÍR-inganna sem fluttu bikar í bú ÍR í Breiðholtinu á dögnum. Hann er íþróttfræðingur úr Háskólanum í Reykjavík og er á fyrsta ári til BS náms við sama skóla. Auk handboltans hjá ÍR og námsins er hann að þjálfa stelpur hjá ÍR. Foreldrar hans eru Svava Bernhard og Björn Sigurjónsson en fósturfaðir er Vilhjálmur Vilhjálmsson. Afi og amma Sigurjóns í föðurætt eru Sigurjón Björnsson sálfræðingur og Margrét Margeirsdóttir sem um tíma var formaður Félags eldri borgara.

Ég enda kannski sem íþróttakennari í Breiðholti

Ég kom í Breiðholtið þegar ég var 14 ára. Móðir mín og fósturfaðir keyptu þá hús í Stekkunum af foreldrum hans. Hann var alin upp þarna og vildi komast heim þegar þau vildu selja húsið. Þá flutti maður inn í þetta stóra og fina hús sem þau tóku svo til við að breyta og bæta nokkru síðar. Hann dró fjölskylduna á eftir sér í Breiðholtið og ég held að enginn hafi nokkru sinni séð eftir því.

Ég kom úr góðu umhverfi í Hafnarfirði en þetta var alveg nýtt upphaf fyrir mig. Mamma hafði áhyggjur af mér. Að erfitt væri fyrir ungling að skipta um umhverfi og því fylgdi að skipta um vini og félag. En ég var snöggur að aðlaga mig að þessu. Veit ekki alveg hvernig ég fór að því en það gerðist bara þannig. Ég hafði tekið þátt í handboltanum í Hafnarfirði en var mikið til hættur að æfa. Móðurfolk mitt er mikið handboltafolk. Þau eru öll Haukafólk og ég ÍR-ingurinn er því svolítið eins og á milli steins og sleggju. Það tók tíma að komast á æfingar í Hafnarfirði. Ég þurfti að taka tvo strætisvagna til að komast á æfingasvæðið og það fór mikið tíma í þetta. Ég var því ekki að hafa neinar áhyggjur af handboltanum þegar við fluttum en skömmu eftir að við vorum komin hringdi Erlendur Ísfeld þjálfari í mig. Hann hafði fengið veður af að strákurinn væri fluttur í Breiðholtið og vildi endilega fá mig á æfingu og ég er eiginlega búinn að vera á ÍR-vellinum síðan.



Snemma beygðist krókurinn. Með boltann á tröppunum heima í Hafnarfirði.

Var bara í stúkunni í fyrra skiptið

Ég fór í Breiðholtsskóla og það upp brekkuna í FB. Þetta eru mikil mótunarár og þarna var ég í skóla og svo undir handleiðslu Erlendar Ísfelds í handboltanum. Hann var þjálfari meistaraflokksins og tók mig þangað inn. Við féllum úr meistaraflokknum um tíma sem var ákveðið reiddarslag en náðum aftur inn í hann. Í dag er mikill stemning í kringum handboltann hjá ÍR og mikill kraftur hefur verið í liðinu undanfarin ár. Á árinu 2003 var ég þegar orðinn eldheitur ÍR-ingur. Við urðum bikarmeistarar þá og eins og nú. Þetta eru stórvíðburðir hjá okkur

í handboltanum að landa bikarum sem nú hefur gerst með tíu ára millibili. Það er einstaklega gaman að hafa verið þátttakandi í báðum þessum atburðum. Ég var þó bara í stúkunni í fyrra skiptið en engu að síður fannst mér ég eiga minn þátt í þessum viðburði.

Við hliðina á gamla heimilinu

Nú er ég aftur kominn nánast við hliðina á mínu gamla heimili í Stekkunum því ég festi kaup á íbúð í Bökkunum litlu ofar. Ég er alveg við hliðina á Breiðholtsskóla þar sem fyrsta skólaganga mín í Breiðholtinu hófst. Vegna starfa minna að íþróttamálum er ég mikið upp í Austurbergi með fólki sem er að starfa í kringum ÍR. Þar ríkir mjög góð stemning og mikill baráttuandi. Ég er líka að kenna við Breiðholtsskóla en það tengist framhaldsnámi mínu við Háskólann í Reykjavík. Þegar ég kom þangað til starfa mundu sumir gömlu kennararnir mínir eftir mér. Þeir mundu meira að segja eftir veikindum sem ég lent í þá og einn spurði hvort ég væru búinn að ná mér.



Sigurjón Björnsson handboltamaður með bikarinn góða.

Vinir mínir eru allir úr Breiðholtinu

Mér fannst ekkert annað en Breiðholtið koma til grein þegar ég fór að huga að því að festa mér húsnæði. Þótt ég hafi alist upp í Hafnarfirði fyrstu árin þá upplifi ég Breiðholtið sem æskuheimili mitt og svo er ég líka að vinna með ÍR. Ég varð algerlega „húkt“ á Breiðholtið eins og sagt er. Hvað sem hver segir og hvaða skoðanir

sem fólk hefur á Breiðholtinu þá er þetta fyrir þá sem þekkja alveg frábært hverfi. Bakkarnir eru til dæmis hannaðir fyrir barnafjölskyldur. Ég er orðinn fjölskyldumaður og sé fyrir mér að þegar börnin fara að vaxa og fara út að leika sér þá geti maður fylgst með þeim af svölunum. Eða að fara í skólann eða þjónustukjarnann. Það þarf ekki að fara yfirgötu. Þetta er frábærlega hannað. Ég á eitt barn og annað er á leiðinni þannig að ég er ekki á förum. Alla vega ekki sem stendur. Mér finnst einhver lenska að tala illa um Breiðholtið. Ef fólk vill kalla þetta Getto þá má það gera það fyrir mér. En í því fellst stór miskilningur sem ég held að einkum stafi af fáfræði. Breiðhyllingar eru ekki að tala svona um hverfið sitt. Ég held að vandamálin í Breiðholtinu séu síst meiri en í öðrum hverfum og bæjarfélögum. Ég er búinn að vera í Breiðholtinu frá því 2001 og hef aldrei lent í neinu misjöfnu eða orðið var við það. Ég held að ég verði alltaf viðloðandi ÍR. Það er mitt félag. Ég verð alltaf ÍR-ingur jafnvel þótt ég eigi eftir að flytja úr hverfinu sem ég sé þó ekki fyrir mér. Ég finn mig mjög vel hér. Ég enda kannski sem íþróttakennari í Breiðholti.



Einbeittur strákur staðráðinn í hvað hann ætlaði að verða.



Fjölskyldumaður með dóttur sína á góðri stundu.



SUMAR 2013

Almería

ROQUETAS DE MAR

*- Tilvalinn sumaráfangaður
fyrir alla fjölskylduna!*

Arena Center ☆☆☆☆

Hlýlegt og fallett hótél. Val um stúdíóbúðir eða íbúðir með einu svefnherbergi. Á hótelinu er skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa og starfandi barnaklúbbur.

frá **97.365 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann frá kr. 120.730 fyrir 2 fullorðna. Brottför: 20. ágúst og heimkoma viku síðar.

UM ALMERÍA:

- ✓ Hagkvæmt verðlag
- ✓ Ekta spænsk menning
- ✓ Glæsilegar gistingar
- ✓ Fjölbreytt afþreying
- ✓ Tilvalið fyrir stórfjölskyldur
- ✓ Frábært verð!

Frábært
verð
í sólina í
sumar!

SUMAR



FERÐIR

...eru betri en aðrar

Kynningarmyndband um húsasmiðabraut FB



Nýtt kynningarmyndband um húsasmiðabraut Fjölbautaskólans í Breiðholti hefur litið dagsins ljós. Það er kvikmyndagerðamaðurinn Sigurður Grímsson sem gerði myndbandið í samvinnu við kennara á brautinni.

Tilgangurinn með gerð myndbandsins er að hvetja ungt fólk

til að kynna sér í auknum mæli hagnýtt verknám eins og húsasmiði. Myndbandið sem er sex mínútur að lengd sýnir hið faglega starf sem unnið er í skólanum og veitir góðar og hagnýtar upplýsingar um brautina. Myndbandið má sjá á heimasíðu skólans www.fb.is

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins skrifar:

Breiðhyltingar kjósa um fegrun umhverfis og útivistaraðstöðu

Endurbætur og fegrun á ýmsum stöðum eru meðal þeirra verkefna, sem íbúar í Breiðholti kjósa í tengslum við forgangsröðun framkvæmda borgarinnar. Íbúar sendu fyrst inn hugmyndir, sem síðan var kosið um í rafrænni kosningu. Flest verkefni snúa að bættu umhverfi og útivistarmöguleikum.

Á síðasta kjörtímabili ákvað borgarstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins að gefa Reykvikungum kost á að forgangsráða fjármunum til verkefna í hverfum borgarinnar með beinni kosningu í anda íbúalýðræðis. Fyrsta kosningin fór fram árið 2009 og gátu borgarþingur forgangsráðað viðhaldsverkefnum og smærri nýframkvæmdum í sínum hverfum með því að kjósa á milli þeirra á vefnum, á bókasöfnum eða þjónustumiðstöðvum. Þessu nýmæli var vel tekið og tæplega sex þúsund borgarþingaráðgjafar höfðu þá þegar áhrif á forgangsröðun verkefna með því að taka þátt í rafrænni kosningu. Frá 2009 hefur þessi lýðræðisráðgjafar verið þróuð frekar og m.a. leitast við að fjölga möguleikum íbúa við að koma verkefnum á framfæri, sem síðan er kosið um. Í kosningunni, sem fór fram nú í apríl, voru 5.732 atkvæði gild.

Ég hef heyrt þær athugasemdir úr Breiðholti að það sem helst vanti, sé ekki kosið um og að beiðnum um að setja slíka hluti á kjörlista sé jafnvel hafnað. T.d. sé óskum um lækkuð skatta umyrðalaust hafnað. Og mikilvæg mál eins og t.d. gagnegar endurbætur skólalóða komist heldur ekki á listann en slíkar endurbætur skólalóða Breiðholtsskóla og Ólduselsskóla eru orðnar mjög brýnar. Tek ég heils hugar undir þær ábendingar að um slík verkefni megi einnig kjósa og verður vonandi ríkara tillit tekið til þeirra við áframhald verkefnisins.



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

Lagfæring göngustíga og fegrun umhverfis

Eftirtalin verkefni voru valin af Breiðhyltingum í íbúakosningunni nú í apríl: Að setja upp stórar ruslunnur við skóla og íþróttasvæði. Lagfæra göngustíga í Efra Breiðholti. Grynnka tjörn við Hólmasel til að draga úr slyshættu. Setja bekk og ruslastampa á ýmsa staði í Seljahverfi. Lagfæra skólalóð Breiðholtsskóla. Fjarlægja stálboga/hindranir úr vegi gangandi og hjólandi vegfarenda. Bæta skíðaaðstöðu í Seljahverfi með nestisbekkjum o.fl. Bæta aðgengi að tjarnarsvæði í miðju Seljahverfi. Gróðursetja tré og runna á opnum svæðum í Bakkahverfi. Fegra umhverfi Breiðholtsbæjarins við Skógarsel. Setja gróður og bekk á svæði sunnan Fella- og Hólakirkju. Lagfæra göngustíg meðfram Brúnastekki 1. Fjarlægja hindranir á stíg við leikskólann Hálsaskóg. Lagfæra göngustíg meðfram Grófarseli 24.

Kosið á milli verkefna sem borgin á hvort er að sinna

Sú gagnrýni hefur heyrst að í kosningunni sé kosið á milli verkefna, sem borgin eigi hvort eð er að sinna og sumt af þessu hefði fyrir löngu átt að vera komið. Margt er til í því en á hinn bóginn má benda á að þar sem fjárveitingar til viðhalds og nýframkvæmda verða ætíð takmarkaðar, þarf að velja og hafna. Jákvætt er að kalla íbúa að borðinu í slíkri vinnu með því að gefa þeim kost á að tilnefna verkefni í sínu hverfi og taka síðan afstöðu til þeirra í kosningu. Embættismenn og stjórnáamenn fá þannig bein skilaboð frá íbúum borgarinnar um það sem betur má fara í hverju hverfi fyrir sig.

BUXNADAGAR

Síðbuxur, kvartbuxur

og stuttbuxur.

20% afsláttur af öllum buxum dagana 07.-11. maí.

Verið velkomnar


Fröken Júlia
Mjódd - S. 557 5900

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskuljúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

Bráðskemmtileg skíðaferð félagsmiðstöðvanna

Allt frá því í upphafi árs hafa unglingar í hverfinu unnið hörðum höndum að því að afla fjár og undirbúa sig fyrir skíðaferð félagsmiðstöðvanna. Það voru því spenntir og örlítíð þreyttir unglingar sem hittust klukkan 06:45 að morgni föstudagsins 5. apríl. Eftir að allir voru sestir um borð í rúturnar og búnir að spenna beltin var lagt af stað norður til Akureyrar. Tvö stöpp voru gerð á leiðinni, fyrst var stoppað til þess að nærast örlítíð í Staðarskála í botni Hrutafjarðar og næst var stoppað í Varmahlíð, en það var nú aðalega til þess að fólk gæti kastað af sér því sem snætt var í Staðarskála.

Eftir fjölmarga rútusöngva, brandara og sögur runnu rúturnar eftir malbikuðum þjóðvegi eitt inn Eyjafjörðinn og staðnæmdust loks fyrir utan KA-heimili þeirra norðanmanna. Unglingahjörðin stökk inn með farangurinn, skellti sér í vetrargallann og þegar að allir voru tilbúnir var spólað og spænt upp í Hlíðarfjall. Eftirvæntingin í hópnum var orðin mikil og spennan leyndi sér ekki þegar hópurinn steig loksins niður fæti á snævi þakið bílaplanið fyrir utan skíðaskálann í Hlíðarfjalli.

Upp hlykkjóttar hlíðarnar

Það var handgangur í óskjunni í skíða og brettaleigunni þegar allir kepptust við hvað mest þeir máttu að troða sér ofan í þrönga skíðaskóna og stilla snjóbrettin rétt svo hægt væri að bruna af stað út í ævintýrin sem biðu handan við hornið. Eftir fimm klukkutíma af stanslausum ferðum upp og niður hlykkjóttar hlíðarnar var kominn tími til þess að gefa skíðunum og brettunum frí rétt yfir há nóttina, ekki dugir að jaska útbúnaðnum út strax á fyrsta degi. Unglingunum var veittur frjáls tími til þess að dýfa þreyttum líkamanum ofan í heitar laugar sundlaugarinnar á staðnum, það var kærkomin slökun fyrir líkama og sál eftir afrek dagsins. Að loknu sundi var svo kominn tími til að seðja hungrið, ítalskar pizzur, hamborgarar frá Norður-Ameríku eða al-íslenskur ís frá Brynju urðu fyrir valinu hjá flestum. Eftir saðsaman matinn höfðu flestir orðið sér út um auka



Á Bahamas eða í Hlíðarfjalli. Sólin er allsstaðar eins enda sú sama. Krakkar að hvíla sig í hlykkjóttir brekku og búa sig undir næsta rúnt.

orku sem var snögglega brennd í íþróttasal KA, unglignarnir sýndu og sönnuðu ásamt starfsmönnum að þeir eru ekki síður liðtækir í fótbolta og handbolta frekar en þeim vetraríþróttum sem höfðu verið stundaðar fyrr um daginn. Þegar að klukkan sló miðnætti lögðust þreyttir unglingar til hvílu, svifu inn í draumalandið og létu sér dreyma um liðin ævintýri og það sem morgundagurinn bæri í skauti sér.

Á Bahamas eða í Hlíðarfjalli

08:30, RÆS! Það var erfitt að lyfta höfðinu upp af koddanum þennan morgun, en þegar að því afreki var lokið horfði allt til betri vegar. Í KA-heimilinu var boðið upp á undirstöðuríkan morgunverð, ekki veitti af þar sem annar dagur í fjallinu var framundan. Eftir að gengið hafði verið frá, pakkað ofaní töskur og farangrinum hafði verið skóflað inn í rúturnar var aftur lagt af stað upp í Hlíðarfjall. Veðurguðirnir voru svo sannarlega með okkur þennan laugardag og mátti vart á milli sjá hvort að við værum hreinlega stödd í sólinni á Bahamas eða í Hlíðarfjalli. Eftir fjölda ferða um fjallið þvert og endilangt var kominn tími til að kveðja fjallið, en það mátti heyrja á máli unglignana

að þetta væri svo sannarlega ekki í síðasta skiptið sem þau ætluðu að heiðra Hlíðarfjall með nærveru sinni.

Hlaðborðið tæmt

Áður en haldið var í langferð yfir heiðar, fjöll og dali var stoppað á Greifanum þar sem unglingunum gafst kostur á að næra sig duglega. Það þurfti ekki að segja þeim það tvisvar og tóku þau strax við að hreinsa upp það dýrindis hlaðborð sem boðið var upp á af sjálfum Greifanum. Það voru tvær rútur fullar af sáttum unglingum sem runnu upp hlíðar Breiðholtsins að kvöldi laugardagsins 6. apríl, þessi ferð verður lengi í minnum höfð hjá þeim sem voru svo lánsamir að koma með.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Raufi kross Íslands

www.breidholt.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Miðdýrkennum í sama húsi og Íslandsbanki.



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

DREGIÐ
Á FÖSTUDAGINN



1.000

MILLJÓNIR SKATTERJÁLSAR



SEX X VW BJALLA!

Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.

MILLJÓNAVINNINGAR

7x6 milljónir og 39x4 milljónir

Fjórtnán 3 milljóna króna og sjötíu og átta 2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.



FULLT SKOTT AF PENINGUM

5 milljónir króna í skottinu á tvöfaldan miða

eða 10 milljónir í peningum.

Leggjum okkar af mörkum og búum öldruðum áhyggjulaust æviköld. Happdrætti DAS hefur tekið þátt í því verkefni í 59 ár.

Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is

eða í síma 561 7757.

dregið í hverri viku



Iceland's Finest

Fiskisúpa
Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fánlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.

FRYSTIVARA FÆST Í NÆSTU VERSLUN

Tvöfaldur sigur á Íslandsmóti liða í keilu annað árið í röð

Lið ÍR-TT og ÍR-KLS tryggðu sér Íslandsmeistaratitlana í 1. deild kvenna og karla í keilu og var þetta annað árið í röð hjá báðum liðum. Kvinnalið ÍR-TT var að vinna titilinn í þriðja sinn, en þær urðu Íslandsmeistarar 2010 og 2012 og karlalið ÍR-KLS var að vinna titilinn í áttunda sinn frá upphafi.

Þriðja og síðasta viðurnin í úrslitunum á Íslandsmóti liða í keilu fór fram í Keiluhöllinni Egilshöll þriðjudaginn 30. apríl. Kvinnalið ÍR-TT vann deildarmeistarana KFR-Valkyrjur í síðustu viðurninni með 14 stigum á móti 6 og vann því samtals í úrslitunum með 39 stigum á móti 21 hjá KFR-Valkyrjum. Fyrstu tvær viðurnir fóru 12 - 8 og 13 - 7 fyrir ÍR-TT.

KFR-Valkyrjur mættu mjög ákveðnar til leiks og byrjuðu á því að vinna fyrsta leikinn með 5 stigum á móti 1, með 718 pinnum á móti 707 hjá ÍR-TT og staðan í einvíginu var því orðin 25 hjá ÍR-TT á móti 15 hjá KFR-Valkyrjum. Lið ÍR-TT var hins vegar ekki á því að gefast upp og vann næsta leikinn með 6 stigum á móti 0, með 747 pinnum á móti 691 og voru þær þá búnar að tryggja sér titilinn. ÍR-TT vann síðan síðasta leikinn með 5 stigum á móti 1 þegar þær spiluðu 713 í þriðja leiknum, en KFR-Valkyrjur 606 og samtals var ÍR-TT með 2.167 pinna, en KFR-Valkyrjur með 2.015. Linda Hrönn Magnúsdóttir ÍR-TT spilaði best allra með 587 seríu og unglíngalandsliðskonan Katrín Fjóra Bragadóttir ÍR-TT setti persónulegt met í einum leik þegar hún spilaði 233 og þremur leikjum með 583 seríu.

Í liði ÍR-TT eru Katrín Fjóra Bragadóttir, Guðný Gunnarsdóttir, Sigríður Klemensdóttir, Sigurlaug Jakobsdóttir og Linda Hrönn Magnúsdóttir.

Körlunum nægðu 5,5 stig

Karlalið ÍR-KLS mætti félögum sínum í ÍR-PLS. Fyrir síðustu viðurnina var ÍR-KLS komið með 25 stig á móti 15 stigum ÍR-PLS og nægði 5,5 stig til að vinna



Karlalið ÍR KLS í keilunni. Magnús Magnússon, Einar Sigurður Sigurðsson, Andrés Páll Júlíusson, Arnar Sæbergsson, Árni Geir Ómarsson og Stefán Claessen.



Í liði ÍR-TT eru Katrín Fjóra Bragadóttir, Guðný Gunnarsdóttir, Sigríður Klemensdóttir, Sigurlaug Jakobsdóttir og Linda Hrönn Magnúsdóttir.

titilinn. ÍR-KLS vann fyrsta leik kvöldsins 5 - 1 og tryggði sér síðan sigurinn í öðrum leik sem fór 1 - 5 og gaf því þriðja leikinn. Samtals vann því ÍR-KLS með 31 stigi á móti 29 hjá ÍR-PLS. Fyrri tvær viðurnir liðanna fóru 11 - 9 og 14 - 6 fyrir ÍR-KLS. Lið ÍR-KLS mætti mjög ákveðið til leiks og vann fyrsta leikinn 5 - 1 með 779 á móti 745 hjá ÍR-PLS. ÍR-PLS vann síðan annan leikinn með 825 á

móti 715 hjá ÍR-KLS sem var þar með búið að tryggja sér titilinn og gaf því þriðja leikinn. Samtals var ÍR-KLS með 1.494 og ÍR-PLS með 1.570. Hafþór Harðarson ÍR-PLS spilaði best með 435 í tveimur leikjum og Magnús Magnússon ÍR-KLS var með 411. Í liði ÍR-KLS eru Magnús Magnússon, Einar Sigurður Sigurðsson, Andrés Páll Júlíusson, Arnar Sæbergsson, Árni Geir Ómarsson og Stefán Claessen.

Breiðholtshlaup Leiknis

Breiðholtshlaup Leiknis verður haldið 9. maí. Hlaupið hefst kl. 11 og er hlaupið frá Leiknishúsinu, niður í Elliðaárdal og til baka að Leiknishúsi. Hægt er að velja um þrjár vegalengdir; 2 km skemmtiskokk og 5 eða 10 km með tímatöku.

Breiðholtshlaupið er árviss viðburður og ávallt er góð stemning. Fyrir hlaupið er létt og skemmtileg upphitun og eftir hlaup er boðið upp

á hressingu og einnig er frítt í Breiðholtslaugina fyrir alla sem taka þátt í hlaupinu. Verðinu er að sjálfsögðu stílt í hóf.

Skráning í hlaupið er í Leiknishúsi frá kl. 9-10:30 og eru allir hvattir til að koma og taka þátt. Allar nánari upplýsingar um hlaupið eru á heimasíðu Leiknis www.leiknir.com

TILBOÐ 1
APRÍL OG MAÍ TILBOÐ

HAMBORGARI - FRANSKAR
COCTEILSÓSA - KÓKDÓS



kr. 1000.-



BRAUTARSTÖÐIN

Ármúli 42

www.facebook.com/brautarstodin

**Brilliant
Blonde**
Sjampó og
hárnæring

Inniheldur Acai
berjapýkkni
og sólarvörn sem
vernda hárið og
dýpka litinn auk
fljótandi keratins
sem gefur mýkt
og gljáa.



ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Subway-mót ÍR

Subway og ÍR hafa annað árið í röð tekið höndum saman og stóðu að móti fyrir 6. flokk karla þar sem um 400 þátttakendur voru með í þessu dagsmóti þann 1. maí síðastliðinn. Mótið heppnaðist í alla staði alveg ljómandi vel og kappklæddir keppendur og áhorfendur skemmtu sér konunglega yfir flottum fótballatöktum sem saúst og dönsuðu við Gangman Style á milli leikja.

Samstarf Subway og ÍR spannar nokkur ár í meistaraflokkum félagsins og er það öllum mikil ánægja að nú sé höfðað til yngri kynslóðarinnar með móti sem þessu, og frekara samstarf er framundan þar sem einnig mun fara fram í fyrsta sinn Subway mót í 5. flokki karla, fimmtudaginn 9. maí. Þar er einnig búist við um 400 þátttakendum, svo allt í allt má reiknað með um 800 drengjum sem taka þátt í Subway



Ungir fótballamenn úr Breiðholtinu.

mótum ÍR í ár og ljóst að það er mikil gleði og bolti í Breiðholtinu þessa dagana. Subway leggur

mótinu til verðlaunapening fyrir hvern þátttakanda og Subway bát í leikslok.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Arnar og Ármann góðir í Varsjá

ÍR-ingarnir Arnar Pétursson og Ármann Albertsson kepptu í 10 km hlaup í Varsjá, Pólandi 21. apríl sl. Hlaupið var hluti af pólska meistaramótiinu í maraþoni sem fór fram sama dag.

Bæði hlaupin voru mjög sterk og fjölmargir sterkir afrikubúar voru mættir til leiks ásamt sterkustu hlaupurum Póllands. Arnar hljóp kíló-

metrana tíu á 32:43 en hann átti best 33:23 frá því fyrr í vetur. Ármann hljóp á 33:22 en hann á best 32:50 frá Reykjavíkurmaraþoninu síðasta sumar. Þeir félagarnir sitja nú í 14. og 15. sæti yfir bestu tíma Íslendinga frá upphafi í 10 km hlaupi og óhætt að segja að þeir byrji utanhústímabilið af miklum krafti.

Blómlegt júdo starf



Hjá Júdoeild ÍR hefur verið unnið mikið starf í vetur enda verður árangur margra iðkenda að teljast góður. Einn þátttakenda hjá deildinni Gísli Fannar Vilborgarson tók 1. Dan gráðu (svart belt) á dögunum og fékk 9,3 í einkunn sem mun vera hæsta einkunn sem gefin hefur verið hingað til.

Besti árangur hans í vetur var að sigra í yngri en 20 ára aldersflokki í -73 kg þyngdarflokki með nokkrum yfirburðum auk þess að vera í 3. sæti á Íslandsmótinu í fullorðinsflokki aðeins 18 ára. Annar iðkandi hjá deildinni Kjartan Magnússon sigraði einnig á afmælis móti Judosambandsins í fullorðinsflokki en hann var þá einnig aðeins 18 ára. Þeir félagar kepptu fyrstir Íslendinga á opna sænska meistaramótiinu í Kata og voru aðeins hársbreidd frá verðlaunasæti. Auk þess unnu margir iðkenda deildarinnar til annara verðlauna. Hjá Júdoeild ÍR verður Júdonámskeið fyrir 14 ára og eldri frá 6. maí til 10. júlí. Áhugasamir geta komið og fengið að prófa íþróttina áður en þeir borga æfingagjöld. Nánari upplýsingar hjá ÍR í síma 587 7080.

Heimasíða
www.ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR
ER

109



Sumarnámskeið ÍR

Nánari upplýsingar, skráning og greiðsla á www.ir.is og síma 587-7080



Íþrótt- og leikjanámskeið ÍR (f.2004-2007)

Vikunámskeið 8-17 eða hálfan daginn í ÍR heimilinu



Námskeið	Verð
1. Námskeið 10.-14. júní	8.500 kr./4.400 kr.
2. Námskeið 18.-21. júní	7.000 kr./3.600 kr.
3. Námskeið 24.-28. júní	8.500 kr./4.400 kr.
4. Námskeið 1.-5. júlí	8.500 kr./4.400 kr.
5. Námskeið 8.-12. júlí	8.500 kr./4.400 kr.
6. Námskeið 15.-19. júlí	8.500 kr./4.400 kr.
7. Námskeið 22.-26. júlí	8.500 kr./4.400 kr.
8. Námskeið 29. júlí-2. ágúst	8.500 kr./4.400 kr.



Fjörkálfar í frjálsum og fótbolta (f.2003-2007)

Vikunámskeið fyrir hádegi í ÍR heimilinu



Námskeið	Verð
1. Námskeið 10.-14. júní	5.500 kr.
2. Námskeið 18.-21. júní	5.500 kr.
3. Námskeið 24.-28. júní	5.500 kr.
4. Námskeið 1.-5. júlí	5.500 kr.
5. Námskeið 8.-12. júlí	5.500 kr.
6. Námskeið 15.-19. júlí	5.500 kr.
7. Námskeið 22.-26. júlí (lágmark 15)	5.500 kr.



Handboltaskóli (f.1997-2002)

Tveggja vikna námskeið Sturlu í íþróttahúsi Seljaskóla – 2 klst. æfingar



Námskeið	Verð
1. Námskeið 10.-24. júní	14.500 kr.
2. Námskeið 5.-19. ágúst	14.500 kr.



Körfubolta- og leikjanámskeið (f.2000-2007)

Vikunámskeið í íþróttahúsi Breiðholtsskóla



Námskeið	Verð
1. Námskeið 10.-14. júní (6-9 ára kl.9-12) (10-13 ára kl.13-16)	7.500 kr.
2. Námskeið 18.-21. júní (6-9 ára kl.9-12) (10-13 ára kl.13-16)	6.500 kr.



Keiluskóli í Öskjuhlíð og Egilshöll (f.2001-2005)

Vikunámskeið í júní og ágúst / 8-12 í Egilshöll og 13-17 í Öskjuhlíð

Námskeið	Verð
Námskeið júní og ágúst	10.000-12.500 kr.



Júdonámskeið (f.1999 og fyrr)

18 æfingar miðvikudaga kl.18:30-20:00 6.maí-10.júlí

Námskeið	Verð
1. Námskeið 10.júní-1.júlí	15.000 kr.



Hlökkum til að sjá ykkur



Norræna húsið og Cirkus Xanti kynna:

**VOL
CAN
O**

**Sirkushátíð
í
Vatnsmýrinni**

**4.-14.
Júlí
2013**

**Miðasala
á
midi.is**

Cirkus Cirkör

sýnir *Wear it Like a Crown* í Borgarleikhúsinu

Cirkus Xanti

Burnt out Punks

Sirkus Íslands

Fidget Feet - Kallo Company

Animal Religion Show - Pain Solution Kabarett

Ron Beerí - Frida - Tumble Cirkus - Betti Combo

Sirkusnámskeið fyrir börn og unglina

Sex sirkustjöld,
magnaðar sirkussýningar fyrir alla
fjölskylduna,
kaffihús,
götuleikhús, tónleikar, miðnætur-
kabarett, og skeggjaða konan!

Fritt er inni þorpið sjálft þar sem sirkuslífið
er í fullum gangi allan daginn.

**Miðasala á midi.is,
Norræna húsinu og
Borgarleikhúsinu**
á sýningu Cirkus Cirkör.